

GOLFKLÚBBUR AKUREYRAR



SKÝRSLA STJÓRNAR

2016

1. NÓVEMBER 2015 – 31. OKTÓBER 2016



STJÓRN OG NEFNDIR STARFSÁRIÐ 2015-2016

Aðalstjórn

Formaður:	Sigmundur Ófeigsson	eitt ár
Varaformaður:	Jón Steindór Árnason	seinna ár
Ritari:	Ingi Torfi Sverrisson	fyrri ár
Gjaldkeri:	Guðlaug M. Óskarsdóttir	seinna ár
Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	seinna ár

Varamenn í stjórn

1. varamaður Sigurður Skúli Eyjólfsson eitt ár
2. varamaður Eygló Birgisdóttir eitt ár

Vallarnefnd (GSÍ)

Formaður: Örn Viðar Arnarson
Jón S. Hansen
Heimir Jóhannsson
Sverrir Þorvaldsson
Bjarni Þórhallsson
Þórunn Haraldsdóttir
Ágúst Jensson
Steindór Kr. Ragnarsson

Kappleikjanefnd (GSÍ)

Formaður: Jón Heiðar Sigurðsson
Haraldur Bjarnason
Skrifstofa GA

Forgjafar og aganefnd (GSÍ)

Formaður: Björn Axelsson
Eiður Stefánsson
Stefán Jónsson

Öldunganefnd

Haraldur Júlíusson
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Hafberg Svansson

Afreks og unglínganefnd

Formaður: Skúli Eyjólfsson
Golfkennari GA
Anton Ingi Þorsteinsson
Framkvæmdastjóri GA

Arctic Open nefnd

Formaður: John Júlíus Cariglia
Viðar Valdimarsson
Halla Sif Svavarsdóttir
Jón Egill Gíslason
Eygló Birgisdóttir
Heimir Örn Árnason
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Framkvæmdastjóri GA

Nýliðanefnd

Þorsteinn Konráðsson
Stefanía Kristín Valgeirsdóttir
Snæbjörn Snæbjörnsson
Jón Gunnar Traustason
Golfkennari GA

Húsnefnd

Þorsteinn Konráðsson
Baldur Ingi Karlsson
Jón Vídalín

Skoðunarmenn ársreikninga

Sveinn Pálsson
John Júlíus Cariglia



SKÝRSLA FORMANNS

Góðir félagar, ég býð ykkur öll velkomin hingað að Jaðri á aðalfund GA fyrir starfsárið 2016.

Áður en fundur hefst formlega langar mig að biðja ykkur að minnst látins félaga okkar, Gunnars Sólness sem meðal annars var formaður GA 1971 -1974, 1977 – 1979 og 1987-1989, hann varð tvisvar Íslandsmeistari í golfi, árin 1961 og 1967 og starfaði hann mikið fyrir GA alla tíð.

Hann lést 6. júní síðastliðinn, 76 ára að aldri, vinsamlega rísum úr sætum og minnumst hans.

Kæru GA félagar, ég vil byrja á því að þakka samstarfsfólki, stjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum sem og öðrum GA félögum gott og árangursríkt samstarf síðastliðið starfsár. Sérstaklega vil ég þakka Ágústi Jenssyni framkvæmdastjóra GA fyrir góð störf fyrir klúbbinn, en Ágúst lætur nú í byrjun næsta árs af störfum sem framkvæmdastjóri eftir 3 árangursrík og krefjandi ár hér á Jaðri. Hann hefur ráðið sig til starfa í Þýskalandi sem aðstoðar vallarstjóri á virtum golfvelli. „Ágúst, Takk fyrir árangursrík góð störf og ósérhlífni í þínum störfum fyrir GA, ég held að þegar ég segi þessi orð þá tali ég fyrir munn allra GA félaga sem undantekningalaust eru ánægðir með störf þín hér“.

Síðastliðinn vetur, veturinn 2015-2016 var enn einn erfiði veturinn sem við höfum þurft að takast á við, mikið um umhleypingar og mikil kalhætta enda var nokkuð kal í vor, sérstaklega á flötum. Þrátt fyrir aðgerðir allan veturinn til að kljást við náttúruna kom völlurinn talsvert kalinn undan vetri. Það hjálpaði þó mikið að það voraði nokkuð vel og ekkert vorhret hrellti okkur. Strax og hægt var hófst vinna við völlinn enda stórt verkefni



framundan, að skarta flottum keppnisvelli því Íslandsmótið í golfi skyldi haldið á Jaðri dagana 21.- 24. júlí. Starfsfólk og sjálfboðaliðar unnu gríðarlegt þrekvirki við alla uppbyggingu að Jaðri fyrir sumarið, það þurfti að klára Klappir, vinna í vellinum, breyta skálanum og endurnýja snyrtingarnar í kjallara golfskálans. Þetta voru risavaxin verkefni sem heppnuðust afar vel og tókst að ljúka þeim öllum með miklum sóma fyrir golfvertíðina, og má segja að öll aðstaða hafi verið tilbúin í upphafi sumars.

Síðastliðið vor fór hluti GA félaga í golfferð til Morgado í Portúgal í beinu flugi frá Akureyri. Það var virkilega mikill áhugi fyrir ferðinni og voru rétt tæplega 120 GA félagar sem spiluðu golf við frábærar aðstæður á Morgado í rúma viku. Þar skemmtu allir sér konunglega, hvort sem það voru okkar unglingar sem þar voru við æfingar eða GA félagar sem spiluðu mikið golf. Í ljósi þess hversu vel tókst til með þessa ferð var farið strax að skipuleggja næstu og verður hún farin næsta vor til Íslantilla í Spáni.



Þennan veturinn og vorið átti undirbúningur fyrir Íslandsmót hug okkar og var aðdáunarvert að sjá hve vel tókst að vinna að allri uppbyggingu, bæði við Klappir sem og endurnýjun skáláaðstöðu. Öll útvinnna svo sem við Klappir var erfið vegna frosta svo verulega reyndi á sjálfbóðaliða, verktaka og velunnara við uppbygginguna því sæta þurfti lagi er veður gaf við uppsteypu. Þegar ekki var hægt að vinna úti við Klappir voru menn inni í skálanum. Enn og aftur sýnir það sig hve sjálfbóðaliðar eru mikilvægir og rekstur golfklúbbs eins og GA er háður óeigingjörnum félögum, sjálfbóðaliðum.



Í uppafi vertíðar varð strax mikið álag á völlinn, mikið spilað ásamt því að starfsmenn voru að vinna eftir undirbúningsplani fyrir Íslandsmót sem yrði hápunktur sumarsins þetta árið. Sú vinna tókst mjög vel en auðvitað var meiri undirbúningur en á venjulega vori og því kostnaðarsamari og mannskapsfrekari, en öll sú vinna skilaði sér í afar flottum Jaðarsvelli.

Öll mótahald var með miklum sóma í sumar og var hápunktur þess þann 21.-24. júlí er Íslandsmótið í golfi var haldið. Völlurinn var í miklum blóma þessa daga og má segja að hann hafi skartað sínu fegursta enda mikil vinna að baki. Veðrið þessa daga var með ágætum, nokkur rigning en góður hiti og varð völlurinn mjúkur og góður til spilamennsku við bleytuna. Þarna reyndi enn mikið á sjálfbóðaliða og má segja að ótrúlega vel hafi gengið að fá félagi til starfa því treysta þurfti á að okkur tækist að ná um 80 sjálfbóðaliðum, en það tókst.

Árangur kylfinga var eftirtektarverður og skorin hreint ótrúlega góð sem sýndi það greinilega að geta íslenskra afrekskylfinga er á uppleið, sérstaklega afrekskvenna því aldrei fyrr hafa svona skor sést á Íslandsmóti en Ólafía Þórunn vann kvennaflokkinn og spilaði hún á 11 höggum undir pari vallar hringina fjóra. Birgir Leifur vann karlaflokkinn og spilaði hann á 8 höggum undir pari.

Önnur mót tókust afar vel m.a. erlent mót unglunga Global Junior Golf sem tókust afar vel.

Akureyrarmótið var haldið með miklum sóma en þó var þáttaka í Akureyrarmótinu með minna móti, Akureyrarmeistarar voru þau Andrea Ýr og Viðir Steinar og óska ég þeim til hamingju með sigurinn.



Birgir Leifur Hafþórsson og Ólafía Þórunn Kristinsdóttir

Skýrsla Golfklúbbs Akureyrar 2016



GA félagar eru nú 721 sem er fjölgun milli ára um 7 féлага. Af þessum fjölda féлага eru skráðir krakkar 15 ára og yngri 216 talsins.

Þátttaka í mótum var almennt mjög góð og gestakoma nokkur, þess má geta að tæplega 400 hringir voru spilaðir af erlendum kylfingum í sumar sem er mikil aukning á milli ára.

Unglingar okkar og afrekskylfingar voru mjög duglegir að keppa í sumar á mótum GSÍ og unnu marga sigra, getum við verið mjög stolt af þeim. Í skýrslu stjórnar/unglingaráðs má finna upplýsingar um afrek okkar unglunga. Þó er rétt að nefna hér að við náðum einum íslandsmeistaratitli, sveit GA/GHD 18 ára og yngri varð íslandsmeistari í sveitakeppni unglunga, drengja 18 ára og yngri.

Að lokum vil ég endurtaka þakkir mínar til allra GA féлага sem og starfsmanna klúbbsins.

Takk fyrir

Sigmundur Einar Ófeigsson




SKÝRSLA VALLANEFNDAR

Völlurinn kom vel undan vetri að undanskildum 2-3 flötum og var strax hafist handa við að gera golfvöllinn sem allra bestann. Vallarstarfsmenn breiddu dúk yfir allar flatir vallarins og tókst sú framkvæmd afburðarvel. Þetta er því ein af þeim aðgerðunum sem hægt er að notast við ef hjálpa þarf grassvæðum af stað eftir erfiðan vetur. Vallarnefnd hittist reglulega yfir haust og vetrarmánuði og sinni ýmsum verkum m.a. trjáklippingar, vinna við Klappir og ýmiss önnur verkefni.

Síðasta vetur var unnið sleitulaust við byggingu nýs æfingasvæðis sem fékk nafnið Klappir og var sú aðstaða opnuð 10.júní 2016. Vallarnefnd ásamt öðrum sjálfbóðaliðum tóku þátt í þeirri uppbyggingu á vormánuðum til að allt væri tilbúið í tæka tíð.

Eftir mikla og stranga vinnu komst völlurinn í mjög gott ástand fyrir strangt mótahald sumarsins. Var völlurinn því kominn í það ásigkomulag sem kylfingar vilja hafa hann í og er það von okkar að grassvæðin séu að styrkjast eftir vinnu síðustu ára.

Í Júlí var svo haldið eitt glæsilegasta íslandsmót sem haldið hefur verið um árabíl. Völlurinn og kylfingarnir léku hvort við annað og skor kylfinga hreint út sagt frábært. Mikið áhorf var á mótinu bæði í sjónvarpi og á vellinum sjálfum, geta GA félagar því verið stoltir af mótinu sem og framkvæmd þess.



Flatir handslegnar fyrir Íslandsmótið í golfi

Haustið var afburða gott fyrir kylfinga GA þetta árið og var síðasta mótið haldið 13.nóvember. Þetta veðurfar var ekki bara gott fyrir kylfinga því þetta hefur verið frábært fyrir völlinn okkar og hjálpar honum inn í veturinn.

Fylgst verður grant með vellinum í vetur eins og undanfarin ár varðandi snjóalög og klakamyndun. Vallarnefnd ætlar að hittast svo áfram reglulega í vetur og sinna ýmsum verkum eins og trjásnyrtingum ofl.



Lundsvöllur

Sumarið var erfitt graslega séð fyrir Lundsvöll og hefur það reynst erfitt að fá grassvæðin af stað eftir erfiða vetur. Helst skortir okkur vökvun á flatir til að fræin eigi möguleika á að spíra. Það er okkar mat að þar þurfi sjálfvirkt vökvunarkerfi til að flatir eigi möguleika á að komast í spilhæft ástand fyrr.

Samstarf GA við KA og Þór vegna umhirðu fótboltasvæða hélt áfram og var það mat manna að fótboltavellirnir hafi sjaldan verið betri. Er það ekki síst að þakka frábærri samvinnu beggja aðila.



Akureyrarvöllur 18. júlí 2016

Á haustmánuðum unnu GA og KA saman að stækkun Akureyrarvallar sem og lagningu drenlagna.

Vill vallarnefnd þakka öllum þeim sjálfboðaliðum sem lögðust á eitt með okkur að hafa Jaðar sem glæsilegastan í sumar, kærlega fyrir hjálpina.

Það er því ljóst að GA hefur komið sér upp hinni glæsilegustu alhliða aðstöðu að sumri jafnt sem vetri sem allir geti verið stoltir af og sameinast í að hlúa að næstu ár og gera góða aðstöðu enn betri, með jákvæðum og opnum hug.

Með kveðju

Vallarnefnd



SKÝRSLA KAPPLEIKJANEFNDAR

Mótahald sumarsins tókst mjög vel. Opnunarmót Jaðars var haldið í byrjun júní sem er viku seinna en sumarið 2015. Síðasta mót sumarsins var svo haldið laugardaginn 13. nóvember.

Mótahald breyttist nokkuð frá því sumarið áður. Hápunktur sumarsins var sjálft Íslandsmótið í golfi sem fram fór hér á Jaðri í fyrsta skipti síðan árið 2000. Tókst mótið virkilega vel sama hvar litið er á það. Skor kyflinga var einstakt og hefur aldrei nokkuð tímunn sést jafngott skor á Íslandsmóti. Umgjörð mótsins tókst virkilega vel og var mikil ánægja meðal keppenda sem og annarra sem að mótinum komu með alla framkvæmdina. Fjölmargir sjálfbóðaliðar úr röðum GA stóðu vaktina og gerðu það einstaklega vel og þökkum við þeim kærlega fyrir hjálpinu.

Í sumar héldum við svo í fyrsta sinn erlent unglíngamót á vegum Global Junior Golf og tókst það með ágætum. Hingað mættu 13 erlendir kyflingar ásamt flestum af okkar sterkustu unglíngum og gekk mótið vel þrátt fyrir að veðrið hafi verið að stríða okkur. Sigurvegarar mótsins urðu þau Saga



Traustadóttir úr GR og Henning Darri Þórðarson úr GK og unnu þau sér inn þátttökurétt í lokamóti mótaráðarinnar í Bandaríkjunum. Óskum við þeim kærlega til hamingju með sigurinn.

Akureyrarmótið var að venju haldið í byrjun júlí og voru það þau Andrea Ýr Ásmundsdóttir og Víðir Steinar Tómasson sem urðu Akureyrrarmeistarar. Óskum við þeim kærlega til hamingju með það.

Ágústmánudur var þétt setinn í mótahaldi. Hjóna og parakeppnin fór fram að vanda sem og Volkswagen open ásamt nokkrum öðrum mótum. Var þátttaka góð líkt og ávallt og er ljóst að okkar mót hér á Jaðri skipa ákveðinn sess í hugum margra golfara sem mæta hingað til okkar ár eftir ár.

Holukeppnin var spiluð í allt sumar og var það Jason Wright sem stóð uppi sem sigurvegari þar og óskum við honum kærlega til hamingju með það.

Við viljum að lokum þakka öllum þeim fjölmörgu styrktaraðilum, sjálfbóðaliðum og starfsfólki sem komu að mótahaldi sumarsins á einn eða annan hátt kærlega fyrir þeirra aðstoð.



SKÝRSLA ARCTIC OPEN NEFNDAR

Arctic Open fór fram dagana 22. – 25. júní.

Nefndarmeðlimi má sjá hér fremst í skýrslunni. Vil ég byrja á því að þakka nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á nýliðnu ári þar sem Arctic Open tókst mjög vel og unnur þau öll virkilega gott starf.

Helstu samstarfsaðilar vegna mótsins voru Flugfélag Íslands, Vodafone, Toyota og Íslensk-Ameríska bæði vegna verðlauna í mótið auk teiggjafar sem þetta árið var FootJoy peysa. Þökkum við þeim kærlega fyrir veittan stuðning.

Arctic Open mótið hélt upp á 30 ára afmæli sitt í sumar og var sett við glæsilega opunarathöfn í Golfskálanum að Jaðri fimmtudaginn 22.06.2016. Upphafið var ekki af verri endanum en margir af keppendum mótsins fylgdust með fræknum 2-1 sigri Íslendinga á Austurríki á Evrópumótinu í knattspyrnu og setti leikurinn tóninn fyrir fyrir frábæra helgi sem var framdunan á Jaðri.

Þátttakendur í mótinu voru rétt rúmlega 200, þar af 38 erlendir kylfingar, sem er svipuð tala á árið áður.

Vallarstarfsmönnum eru færðar miklar þakkir fyrir þrotlausa vinnu við að gera Jaðar eins glæsilegan og kostur var eftir



erfitt vor. Það var mál manna að völlurinn væri í góðu ástandi þrátt fyrir mjög svo brösuð veðurfar það sem af var sumri. Þá eru GA félögum einnig færðar bestu þakkir fyrir þá sjálfboðavinnu sem fór fram bæði fyrir mótið og á meðan því stóð yfir.

Líkt og í fyrra voru allir keppendur ræstir út á 1. teig en fyrri keppnisdaginn var nafn þess kylfings sem var næstur á teig lesið upp í hátalarakerfi að erlendri fyrirmynd. Þegar fyrirkomulagið er á þessa leið skapast mikil og góð stemning í golfskálanum allan daginn og langt fram á nótt en síðustu keppendur voru að ljúka leik um kl.6

Miðnætursólin lét því miður ekki sjá sig þetta árið en veður var gott og skemmtu allir kylfingar sér vel og nutu þess að spila golf í góðum félagsskap.

Keppt var í fjórum flokkum eins og undanfarin ár en þeir eru **opinn flokkur án forgjafar, með forgjöf, konur án forgjafar og 55 ára og eldri án forgjafar**. Einnig var keppt í liðakeppni á meðan mótinu stóð og var valið í liðin af handahófi. Þrjú bestu skorin af fjórum giltu hvorn dag fyrir sig og sigurliðið skipuðu þau Marsibil Sigurðardóttir, Samúel Gunnarsson, Njáll Harðarson og Chris Buckley.



Helgi Gunnlaugsson úr GA varð Arctic Open meistari 2016.

Sigurvegari án forgjafar var Matthew Ricks frá Bandaríkjunum.



Helgi Gunnlaugsson - Arctic Open meistari 2016

Marólína G Erlendsdóttir úr Golfklúbbi Reykjavíkur sigraði kvennaflokkinn og Haraldur Júlíusson úr Golfklúbbi Akureyrar stóð uppi sem sigurvegari í flokki 55 ára og eldri.

Líkt og undanfarin ár voru verðlaun fyrir þann kylfing sem fyrstur færi holu í höggi á 18. braut vallarins. Er það Sjóvá sem stendur við bakið í GA og borgar þá upphæð. Þau skilyrði fylgja ef kylfingur nær draumahögginu að 500 þúsund krónur af upphæðinni fari til góðgerðarmála. Að þessu sinni var ákveðið að styrkja „Á allra vörum“. Það fór þó ekki svo að kylfingum tókst að ná draumahögginu á 18. braut en hún Gróa Ásgeirsdóttir einn af þeim sem stendur fyrir samtökunum gerði sér lítið fyrir og fór holu í höggi á 4. braut. Í ljósi þess að Gróa fór holu í höggi á „vitlausri“ braut ☺ þá ákvað Sjóvá að styrkja „Á allra vörum“ um 500 þúsund krónur. Var það virkilega fallega gert af þeim og færum við þeim okkar bestu þakkir fyrir.



Á laugardagskvöldinu var lokahóf mótsins haldið í Golfskálanum að Jaðri. Jón Vídalín sá um glæsilegar veitingar og Oliver Horovitz fór á kostum sem veislustjóri og vakti mikla lukku viðstaddra. Oliver er rithöfundur sem hefur einnig unnið sem kylfusveinn (e. Caddie) á hinum sögufræga St.Andrews golfvelli frá árinu 2003. Vel var mætt í lokahófið í blíðskapar veðri.

Arctic Open nefndin var virkilega sátt við hvernig til tókst með mótið á þessu ári og einbeitir sér nú að því hvernig eigi að gera enn betur á næsta ári. Ekki var annað að heyra á keppendum en mikla ánægju með mótið í ár og erlendir gestir voru margir hverjir farnir að skipuleggja næstu heimsókn til Akureyrar ☺

F. h Arctic open nefndar

John Júlíus Cariglia

Formaður



SKÝRSLA KVENNANEFNDAR

Starfsemi kvennagolfsins hófst með því að haldinn var fundur í byrjun mars. Á þeim fundi var plan sumarsins kynnt, borðaður var léttur kvöldverður og ný stjórn tók til starfa. 37 konum mættu á fundinn og var virkilega gaman eins og alltaf þegar þessi hópur hittist.

Þrjár konur fóru úr stjórn og voru það, Alma Möller, Ólöf Garðarsdóttir og Sigurlaug Helgadóttir. En ný stjórn er skipuð eftirfarandi konum ; Arnheiður Ásgrímsdóttir, Birgitta Guðjónsdóttir, Brynja Friðfinnsdóttir, Inga Hrönn Einarsdóttir og Lilja Sigurðardóttir.

Við hittumst reglulega þetta árið til að funda og voru það virkilega skemmtilegir fundir. Aðal fundarstaðurinn var Icelandair Hotel en síðan var nú einnig farið í heimahús með frábærum veitingum að hætti þeirra sem buðu heim ☺ Margt var rætt og fóru fundartímarnir aðalega í það að skipuleggja sumarið og ákveða verðlaun og redda verðlaunum fyrir sumarið.

Skipulag sumarsins var eftirfarandi.

Vorferðin:

Farið var til Dalvíkur og Ólafsfjarðar dagana 11.-12.júní. Gist var á Ólafsfirði og spilað golf á báðum stöðum. Tókst þessi ferð mjög vel.

Vön, Óvön:

Ákveðið var að hafa vön, óvön á mánudögum í sumar og var svona þokkaleg þátttaka í ár en hefði mátt vera betri. Þetta voru fjögur skipti í allt. Einu sinni í júní, tvisvar í júlí og einu sinni í ágúst.

Hatta og pilsamótið:

Það var haldið í byrjun september, en upphaflega átti það að vera 12.ágúst en þar sem sveitakeppnin var sömu helgi þá var dagsetningunni breytt. Tókst þetta mót mjög vel og tóku hátt í 60 konur þátt í mótinu.

Súpukvöldið:

Það var haldið um miðjan september, það tókst vel og var heldur minni þátttaka á því móti. Þetta mót er lokahnykkurinn á sumrinu og alltaf virkilega gaman á þessu kvöldi.

Stjórnin er síðan nýlega búin að funda og erum við búnar að leggja línurnar fyrir næsta sumar. Eftir að hafa verið í stjórn kemst maður að því að það þarf alltaf að breyta og bæta. Við munum kynna okkar hugmyndir fyrir næsta sumar á fundi líklega í mars á næsta ári og hlökkum til að hitta þessar frábæru konur sem við fáum að spila golf með ár eftir ár ☺

Fyrir hönd stjórnar kvennagolfsins

Birgitta Guðjónsdóttir



SKÝRSLA ÖLDUNGANEFNDAR

Starf eldri kylfinga var með hefðbundnu sniði, það er að undirbúa þátttöku í sveitakeppni.

Sú breyting varð í upphafi árs að aldursviðmiðum í karlaflokki var breytt og var aldurinn færður niður í 50 ár.

Í ár var keppnin haldin hjá Golfklúbbnum Öndverðarnesi þar sem konurnar spiluðu og hjá Golfklúbbi Grindavíkur þar sem karlarnir spiluðu.

Stelpurnar okkur léku fínt golf í Öndverðarnesinu og enduðu í fjórða sæti.

Karlasveitin okkar lék vel og enduðu þeir í þriðja sæti.

Karlasveitina skipuðu þeir, Björgvin Þorsteinsson (liðsstjóri), Haraldur Júlíusson, Viðar Þorsteinsson, Vigfús Ingi Hauksson, Jón Þór Gunnarsson, Jón Gunnar Traustason, Leifur Þormóðsson, Þórhallur Pálsson og Albert H. Hannesson

Kvennasveitina skipuðu Þórunn Anna Haraldsdóttir, Unnur Elva Hallsdóttir, Halla Sif Svavarsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir og Guðrún Steinsdóttir. Liðstjóri var Guðlaug María Óskarsdóttir.



Ákveðið hefur verið að breyta fyrirkomulaginu er varðar sveitakeppni öldunga fyrir næsta ár. Nú munu æfingar hefjast upp úr áramótum og öll skipulagning og val í sveitir verður formfastari.

SKÝRSLA AFREKS OG UNGLINGANEFNDAR

Árið var að venju mjög viðburðarríkt hjá öllum börnum, unglungum og afrekskylfingum GA.

Hjá keppnishópum unglunga voru innanhússæfingar stundaðar af kappi frá áramótum og fram á vorið, bæði í hóptímum sem og vikulegum einkatímum. Einnig var líkamlegi þátturinn var tekinn föstum tókum með þremur vikulegum æfingum í Heilsuþjálfun fyrir allann hópinn. Vikulegar æfingar voru einnig í stutta spilinu í Boganum fram eftir vori. Ljóst er dugnaður við æfingar yfir veturinn skilaði okkar kyflingum vel undirbúnum inni sumarið. Golfþækni þeirra, andlega hliðin sem og líkamlegt form þeirra taka stöðugum framförum og er horft til langtímamarkmiða í þeim efnum.

Keppnishópurinn fór í frábæra æfingaferð í apríl, til Morgado í Portúgal, ásamt fjölda annarra GA félagá. Með í för voru um 20 ungmenni og tóskt ferðin virkilega vel í alla staði. Var þar æft og spilað frá morgni til kvölds í heila viku og skilaði það kyflingunum okkar tilbúnum inni golfvertíðina herna heima. Á

vormánuðum voru því haldnar fjölmargar fjáraflanir fyrir þessa æfingaferð, t.d. með bílaþvottadögum, happdrætti, púttmótum og fleira. Kunnum við öllum GA félögum og öllum örðum sem styrktu okkur í þessu bestu þakkir fyrir frábæran stuðning! Í byrjun maí var svo farið í aðra æfingaferð, en þá lá leiðin suður í Leiruna í Keflavík þar sem spilað var í 3 daga við fínar aðstæður.



Flottur hópur GA krakka ásamt Sturlu golfkennara í Leirunni

Í byrjun júní var nýja æfingaaðstaðan okkar, Klappir, svo vígð og ljóst er að hér er um algjöra byltingu að ræða í allri æfingaaðstöðu fyrir alla GA kyflinga, og þá sér í lagi fyrir okkar barna- unglunga- og afreksstarf. Nú geta allir æft við bestu mögulegu aðstæður og lengt til muna það tímabil sem hægt er að æfa utandyra. Einnig fjárfesti GA í nýju Trackman tæki á árinu, sem þýði að nú eru tveir golfhermar af fullkomnustu gerð í Golfhöllinni okkar, sem gerir okkar börnum-, unglungum og afrekskyflingum kleift að æfa sig með hjálp nýjustu tækni daglega. Allt þetta, ásamt tilkomu nýja æfingavallarins á næsta ári þýðir að við í GA eigum æfingaaðstöðu í allra fresmtu röð, sem skiptir gríðarlegu máli þegar kemur að uppbyggingu öflugs íþróttastarfs innan klúbbsins.

Að venju voru mótin á Íslandsbankamótaröð GSÍ sex talsins og voru farnar skipulagðar, sameiginlegar hópferðir í öll mótin á 17 manna rútu. Er þetta annað sumarið sem að þessar hópferðir eru farnar og er það að skila sér í stórauðinni þátttöku GA unglunga í þessum mótum. GA átti núna að meðaltali tæpa tólf keppendur á hverju móti, sem er 32% aukning síðan árið 2014. Forgjafalækkun kyflinga í keppnishópum unglunga nam 6,9 höggum að meðaltaði á árinu og voru margir kyflingar jafnvel að helminga forgjöfina



sína í sumar. Á Íslandsbankamótaröðinni litu alls, þrjú 1. sæti, þrjú 2. sæti og fjögur 3. sæti, dagsins ljós hjá okkar fólki í sumar, en því miður náðist enginn Íslandsmeistartitill einstaklinga að þessu sinni. Góð þátttaka var einnig á Norðurlandsmótaröðinni í golfi og skipuðu kylfingar frá GA sér iðulega í verðlaunasætin þar. Einnig fóru fram vikuleg Miðvikudagsmót í allt sumar, sem unglingar og afrekskylfingar GA voru dugleg að sækja. GA átti einn kylfing í unglingalandsliðum Íslands á árinu, Kristján Benedikt Sveinsson, sem keppti fyrir Íslands hönd á Evróðumóti liða í flokki pílta, 18 ára og yngri, í Tékklandi og stóð sig með mikilli þrýði. Einnig var Andrea Ýr Ásmundsdóttir í æfingahópum unglinga á vegum GSÍ og var hársbreidd frá því að vinna sér inn sæti í landsliði 18 ára og yngri, aðeins 14 ára að aldri.

Æfingar yngri flokka barna fóru fram allt árið og voru vel sóttar, sérstaklega yfir sumarmánuðina. Í maí var Stefanía Kristín Valgeirsdóttir, ráðin sem aðstoðarkennari hjá klúbbnum og tók hún að sér



þjálfun þessara yngri hópa. Alls voru fjórir hópar (2 stráka- og 2 stelpuhópar) í yngri flokka starfinu og æfði hver hópur tvisvar sinnum í viku. Þátttakendur í yngri flokka starfinu voru alls um 60 talsins og fer fjölgandi. Golfskóli GA var líka afar vel sóttur og voru þar alls yfir 200 skráningar á átta vikulöngum námskeiðum yfir sumarið. Í golfskólanum störfuðu unglingar úr keppnishópum GA undir stjórn Stefaníu Kristínar og tókst virkilega vel til verka og mikil ánægja jafnt hjá foreldrum og börnum með námskeiðin. Einnig hafa fjölmargir skólar heimsótt okkur bæði að vori og hausti til að kynna sér golfíþróttina og ljóst að þar eru stór sóknarfæri á að laða að nýja efnilega kylfinga.

Meistaramót GA fór fram að venju í byrjun júlí. Alls voru 16 kylfingar skráðir til leiks í meistaraflokkum karla og kvenna og 14 í flokkum barna og unglinga. Klúbbmeistar í meistaraflokki urðu þau Víðir Steinar Tómasson og Andrea Ýr Ásmundsdóttir, bæði í fyrsta sinn. Í flokki drengja, 14 ára og yngri, sigraði Mikael Máni Sigurðsson, í flokki pílta 18 ára og yngri, sigraði Björn Torfi Tryggvason og í flokk stráka, 12 ára og yngri, sigraði Skúli Gunnar Ágústsson og í flokki stelpna, 12 ára og yngri, sigraði Birna Rut Snorradóttir.



Mótin á Eimskipsmótaröð GSÍ voru átta talsins á árinu, sem er fjölgun um tvö mót frá því sem var. Þátttaka afrekskyllinga GA fer jafnt og þétt vaxandi á mótaröðinni með innkomu okkar ungu og efnilegu kyllinga. Áttum við að meðaltali um fjóra keppendur á hverju móti í sumar og var hápunkturinn að sjálfsögðu Íslandsmótið í golfi sem fram fór með pompi og prakt hér á heimavelli. Í byrjun september leit svo fyrsti sigur GA á Eimskipsmótaröðinni í þónokkur ár dagsins ljós, þegar Tumi Hrafn Kúld gerði sér lítið fyrir og sigraði á 7. móti sumarsins (og jafnfram 1. móti tímabilsins 2017) í bráðabana í Vestmannaeyjum. Ljóst er að framtíðin er björt hjá GA og að okkar ungu kyllingar munu láta mun meira að sér kveða á Eimskipsmótaröðinni á næstu árum.



Tumi Hrafn Kúld í Vestmannaeyjum

Íslandsmót golfklúbba (áður Sveitakeppni GSÍ) fór fram í lok júní. Karlasveit GA lék í 2. deild á Akranesi og hafnaði þar í 5. sæti. Tvo sterka kyllinga vantaði í karlasveit GA að þessu sinni, en vonandi náum við að stilla upp okkar sterkasta liði næsta sumar og komast upp í 1. deild á ný. Kvennasveit GA, sem sigraði 2. deildina árið 2015 lék nú í 1. deild, sem fram fór í Garðabæ. Náðu þær 7. sætinu þar eftir mikla baráttu um 6. sætið, sem þýðir að þær munu leika í 2. deild að ári. Á Íslandsmóti golfklúbba í unglingsflokkum átti GA fjórar sveitir. Helstu afrek þar voru að sveit pilta, 18 ára og yngri, hampaði Íslandsmeistaratitlinum, annað árið í röð, A sveit drengja 15, ára og yngri, hafnaði í 5. sæti og sveit stúlkna, 18 ára og yngri, í 3. sæti.

Nú á haustmánuðum hefur áherslan í æfingum keppnishópanna verið lögð á líkamlega þáttinn með þremur vikulegum æfingum bæði í Heilsuþjálfun og hjá Crossfit Akureyri. Vikulegar hópæfingar hafa einnig verið í Golfhöllinni, þó svo að hvíld hafi að mestu verið tekin frá golfæfingum seinni hluta haustsins. Yngir flokkarnir hafa líka æft samviskusamlega í hverri viku í Golfhöllinni hjá Stefaníu. Strax eftir áramótin fara svo allar æfingar hjá öllum flokkum á fullt skrið á nýjan leik til undirbúnings fyrir nýtt og enn betra tímabil 2017.

Takk fyrir okkur og áfram GA!

Með kveðju,

Sturla Höskuldsson
Golfkennari GA